

Ársskýrsla viðburða

2023-2024

Nýnemaferð

Hinir árlegu nýnemadagar fóru venju samkvæmt fram í byrjun skólaársins þar sem nemendur fóru m.a í ferð á Hólavatn, busluðu þar í vatni, leystu ýmis konar þrautir og fóru í leiki. Nemendur fengu grillaða hamburgara og nutu veðurbliðunar.



Nýnemahátíð

Hluti nýnemadagana er nemendahátíð þar sem nemendur fá einnig grillaða hamburgara og var það í þetta skipti frá Bessabita og voru nemendur saddir og sælir í lok dags.

Nýnemaball

Nýnemaballið fór fram í sjallanum 31. ágúst, þar komu fram tónlistamenn á borð við Séra Bjössa, Háaska og Sprite Zero Klan, stemningin var gríðarleg eins og við mátti búast og var því vel heppnuðum nýnemadögum lokið.



Fyrirhuguð sameining MA og VMA

Í september voru tilkynnt áform mennta og barnamálaráðherra að sameina ætti MA og VMA. Skýrsla á vegum ráðuneytisins var gefin út og áformin féllu í grýttan jarðveg meðal nemenda beggja skóla og ákvað ráðherra að hætta við áformin í nóvember síðastliðnum.

Guli dagurinn

7. september var guli dagurinn haldinn í VMA þar sem nemendur og starfsmenn klæddust gulu en þar var gert til þess að sýna stuðning við geðheilbrigði og minna á mikilvægi sjálfsvígsforvarna.

ER ALLT Í GULU?

- Þetta slagorð var valið fyrir gulan september. Það vísar til samkenndar, þess að láta sig náungann varða og hlúa saman að geðheilsunni.
- Ef þér finnst lífið stundum ekki þess virði að lifa því – LEITADU HJÁLPAR...
- Ef þú hefur áhyggjur af ástvini/vini/vinnufélaga – RÆDDU VIÐ VIÐKOMANDI...
- Það hjálpar að deila líðan sinni með öðrum.

Hryllingshús

27. október fór fram árlegt hryllingshús hér í VMA þar sem leikfélag skólans fer í allra hræðilegustu líki og er gestum fylgt í gegnum húsið af sögumanni þar sem draugar og aðrar verur eru á sveimi, þessi árlegi viðburður hefur verið vinsæll og góð mæting verið framan af.

Sturtuhausinn

Sturtuhausinn, söngvakeppni VMA fór fram 9. nóvember síðastliðinn í Hamraborg í Hofi og þar kepptu 10 manns ásamt einni hljómsveit. Að lokum fór Aron Freyr Ívarsson með sigur af hólmi og keppti hann fyrir hönd VMA í söngkeppni framhaldsskólanna á Selfossi þann 6. apríl síðastliðinn.



Íþróttamót nýnema

23. nóvember síðastliðinn var eflað til íþróttamóts í íþróttahöllinni þar sem nýnemar skólans kepptu í hinum ýmsu greinum og voru það nemendur í viðburðastjórnun hjá Hrafnhildi Sigurgeirsdóttur kennara hér við skólans sem sáu um undirbúning mótsins. Það var á endanum byggingadeildin sem sigraði mótið.



Jólaball

7. desember á græna hattinum var haldið vel heppnað jólaball og komu fram tónlistarmenn á borð við JóaPé og Króla, SZK, Diljá, Birni og DJ Möller. Eins og á nýnemaballinu var gríðarleg stemming og í fyrsta sinn sem nemendaráðið ákveður að halda ball á græna hattinum og heppnaðist það vel í alla staði.

Gettu Betur

Skólinn kom aftur saman eftir jólafrí þann 4. janúar og hófst kennsla þá aftur samkvæmt stundatöflu. 10. janúar keppti VMA í undankeppni Gettu Betur í Kvosinni í MA og var keppninni útvarpað í Ríkisútvarpinu og keppti skólinn á móti Flensborgarskólanum í Hafnarfirði. Endaði keppnin þannig að Flensborg sigraði með 23 stigum gegn 19. Það er engum blöðum um það að fletta að keppendur VMA stóðu sig frábærlega eftir mikla undirbúningsvinnu mánuðina á undan.

Dýrin í Hálsaskógi

Í byrjun skólaárs þegar ný stjórn Þórdunu tók við var mikil óvissa um framtíð leikfélagsins, engin stjórn hafði verið kosin og ekki í sjálfu sér vitað hvort það yrði starfandi leikfélag í skólanum. Það vildi ekki betur en svo að nokkrir krakkar hér í skólanum lýstu yfir áhuga að starfa í leikfélagsstjórn og endaði það eftir fund með krökkunum að ný stjórn var skipuð og hófst hún strax handa við að setja upp leiksýninguna Dýrin í Hálsaskógi sem síðar var frumsýnd hér í gryfjunni þann 1. mars síðastliðinn og hlaut mikið lof.



Árshátíð VMA

Fimmtudaginn 7. mars var árshátíð VMA í íþróttahöllinni, nemendur og starfsfólk skólans klæddi sig í sitt fínasta púss og skemmti sér yfir skemmtiatriðum frá Aroni Má Ólafssyni og Arnari Þór Ólafssyni sem voru veislustjórar kvöldsins. Nemendaráð sýndi sitt hefðbunda árshátíðarmyndband og kennararnir Hilmar Friðjónsson og Vilhjálmur Kristjánsson héldu stutta tölu. Eftir skemmtiatriði kvöldsins og dýrindismat frá Bautanum tók ballið við um klukkan ellefu og komu fram tónlistarmenn á borð við Prettyboijtokko, Sprite Zero Klan, Séra Bjössu og Diljá. Mikill fjöldi nemenda á framhaldsskólaaldri mættu og var rífastemning fram eftir nóttu.



Söngkeppni framhaldsskólanna

6. apríl síðastliðinn fór fram á Selfossi hin árlega söngkeppni framhaldsskólanna þar sem fulltrúar frá framhaldsskólum víðsvegar frá landinu koma og keppa í þessari skemmtilegu keppni sem haldin hefur verið frá árinu 1990 en í ár var það hann Aron Freyr Ívarsson sem keppti fyrir hönd VMA en eins og kom fram fyrr hér í upprifjuninni sigraði hann sturtuhausinn í nóvember síðastliðnum. Hann söng lagið Lánleysi sem var frumsamið lag eftir hann sjálfan og stóð hann sig með glæsibrag fyrir hönd skólans.

Vorhlaup VMA

Vorhlaup VMA fór fram þriðjudaginn 23. apríl síðastliðinn og var þetta í níunda sinn sem það fer fram. Boðið var upp á 5 eða 10 kílómetra hlaup. Fjölmennt var í hlaupinu eins og undanfarin ár og voru veglegir vinningar í boði fyrir sigurvegara hlaupsins.



Opið hús

Sama dag, 23. apríl fór fram opið hús í VMA þar sem öllum var boðið að kynna sér það fjölbreytta námsúrval sem er hér í skólanum og voru kennarar sem kynntu áfanga og brautir sem stendur fólki til boða, nemendaráðið bakaði vöflur fyrir gesti og margt var um manninn.

Gleðidagar

Eins og fyrri ár voru gleðidagar haldnir einu sinni í mánuði og bauð nemendaráð nemendum upp á ýmislegt góðgæti á borð við kleinuhringi og smákökur á morgnana.

